13.tbl.
29.mars 2023
30 árg.

# Hlaupastelpan

*Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386*

1 SPJALD 1000 KR.
2 SPJÖLD 1500 KR.
5 SPJÖLD 3500 KR.
ENGINN POSI



## PÁSKABINGÓ

**SUNNUDAGINN 2 APRÍL.**
**KLUKKAN 14:00 Í HEIÐARBÆ**
**VEGLEGIR VINNINGAR OG KAFFISALA Í HLÉI/ENGINN POSI**
**INNKOMA AF BINGÓINU RENNUR TIL HSN Á HÚSAVÍK TIL KAUPS Á MAGA OG RISTILSSPEGLUNARTÆKI OG TIL SAK Á AKUREYRI TIL KAUPS Á FÓSTURÓMSJÁ**

**ALLIR VELKOMNIR**
**KVENFÉLAG REYKJAHREPPS**



# Aðalfundur

## Búnaðarfélags Reykdæla,

Verður haldinn í Dalakofanum
Þriðjudaginn 4. apríl kl 13.30.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf.

Breytingar á samþykktum félagsins.

Tillaga að breytingum verður send félagsmönnum í tölvupósti.

Stjórnin

# Bingó !!

Á Skírdag, þann 6. apríl kl 20:00 ætlar kvenfélagið Hildur að vera með bingó í Kiðagili í Bárðardal til styrktar góðgerðamála. Safnað er fyrir ómsjártæki fyrir sjúkrahúsið á Akureyri og ristilskanna fyrir Heilbrigðisstofun Norðurlands. Fullt af flottum vinningum.

Sjáumst sem flest

Kvenfélagið Hildur



SAMFÉLAGSVERKEFNI

# Margar hendur vinna létt verk

Landsvirkjun vill vera góður granni og hefur því um margra ára skeið starfrækt öfluga sumarvinnuflokka ungs fólks.

Sumarið 2023 munu starfshópar frá okkur sinna fjölbreyttum verkefnum í nágrenni við aflstöðvar okkar.

Nágrannar aflstöðva Landsvirkjunar geta sótt um vinnuframlag og verkstjórn hjá *Margar hendur vinna létt verk* - meðal annars vegna verkefna sem lúta að ræktun, hreinsun, viðhaldi og umhverfisbótum ásamt öðrum samfélagsverkefnum.

**Umsóknarfrestur er til og með 7. apríl.**
**Hægt er að sækja um á landsvirkjun.is/margarhendur**

**Hafðu samband ef þú ert nágranni okkar og vilt fá vinnuhóp í heimsókn í sumar.**

Landsvirkjun

# Tónlistarhátíðin
# Músík í Mývatnssveit 2023

Í dymbilviku 2023 verður lögð áhersla á jazz og dægurtónlist en hefðbundin klassísk tónlist mun einnig skipa sinn sjálfsagða sess.

Í Skjólbrekku á skírdag þann 6.apríl **kl.20** verða fluttar útsetningar Þórðar Magnússonar á þekktum íslenskum sönglögum. Einnig verður flutt píanó-tríó eftir Grieg og dúó fyrir selló og kontrabassa eftir Rossini.

Á föstudaginn langa 7.apríl **kl. 20** í Reykjahlíðarkirkju mun hljóma tónlist eftir J.S. Bach og sönglög í jazzútsetningum sem hæfa deginum og kirkjunni.
Tónlistarflytjendur á hátíðinni eru:

Marína Ósk Þórólfsdóttir jazzsöngkona
Laufey Sigurðardóttir fiðla
Bryndís Halla Gylfadóttir selló
Hávarður Tryggvason kontrabassi
Domenico Codispoti píanó

*Hlökkum til að sjá ykkur !*
*Músík í Mývatnssveit*

# Frá Bókasafninu í Stórutjarnaskóla

Prjónakaffi verður á bókasafninu
fimmtudagskvöldið 30. mars kl 19:30 – 21:30.

Komum saman með handavinnu og eigum
notalega kvöldstund.

# Jarðböðin við Mývatn

loka kl. 18:00 fimmtudaginn 30. mars.

Bestu baðkveðjur frá Jarðböðunum

## Páskaeggjabingó Mývetnings

Þann 4. apríl næstkomandi ætlar Mývetningur ungmenna- og íþróttafélag að halda páskaeggjabingó!

Bingóið verður haldið í Reykjahlíðarskóla klukkan 16:30
Spjaldið kostar 1000 kr.

-Athugið að ekki er posi á staðnum-

MÝVETNINGUR

MYVATN NATURE BATHS



# Frá Félagi eldri borgara í Þingeyjarsveit.

Um leið og við minnum fólk á að skrá sig í sumarferðina viljum við taka fram eftirfarandi. Allir eldri borgarar í Þingeyjarsveit eiga rétt á að fara í ferðina hvort sem þeir eru í félaginu eða ekki. Gisting á hótelinu í 3 nætur með morgunmat og kvöldverði kostar ca 65000 á mann í tveggja manna herbergi.Við höfum ekki fengið svar frá sveitarfélaginu um ferðastyrk en vonumst til að hann dugi allavega fyrir rútunni.

Með bestu kveðju

Ingvar Vagnsson sími 8993286.



**7. apríl föstudagurinn langi.**
Píslarganga hefst í Sel-hótel
með tíðarsöng klukkan 08:45.
Passíusálmar Hallgríms Péturssonar lesnir í Reykjahlíðarkirkju yfir daginn. Tilvalið að setjast inn og hlusta.

**9. apríl páskadagur**.
Gleðilega hátíð!
Hátíðaguðsþjónusta í Reykjahlíðarkirkju klukkan 14:00

Verið velkomin!
Sr. Örnólfur

# Grenjaðarstaðarprestakall:



Helgihald í apríl

6. apríl: Skírdagur: Ferming Einarsstöðum kl. 14:00
8. apríl: Laugardagur fyrir páska: Páskavaka Grenjaðarstað kl. 23:00
9. apríl: Páskadagur: Ferming Grenjaðarstað kl. 14:00. Organisti Agnes Gísladóttir
9. apríl: Páskadagur: Messa Þóroddsstað kl. 16:00
10. apríl: Annar dagur páska: Messa Nesi kl. 14:00
10. apríl: Annar dagur páska: Messa Einarsstöðum kl. 16:00
19. apríl: Kyrrðar- og bænastund Einarsstöðum kl. 20:00

Verið öll velkomin.
Séra Þorgrímur.

## Félagsstarf 60 ára og eldri í Þingeyjarsveit

Opin hús eftir páska verða á þriðjudögum eins og hér segir:

**Þingeyjarskóli**

11. apríl - panta mat í síma 898 0463 / 863 3381

25. apríl

9. maí

**Stórutjarnaskóli**

18. apríl

2. og 16. maí

Hádegismatur er í boði kl. 13 og kostar 800 kr.

**Þeir sem ætla að fá hádegismat þurfa að panta**

**fyrir hádegi á mánudeginum fyrir samverustund**

**Þingeyjarskóli - 464 3583**
**Stórutjarnaskóli - 4643222**

Boccia er kl. 12 í Stórutjarnaskóla þegar samvera er þar. Ýmislegt er í boði til skemmtunar s.s. hljóðfæraleikur, myndasýningar, upplestur og leikir. Félagsvist er spiluð í sirka þriðja hvert skipti og allar hugmyndir að afþreyingu eru vel þegnar.

**Í Mývatnssveit er félagsstarf eldri borgara alla fimmtudaga kl. 13 og hefst með leikfimi hjá Ástu Price í íþróttahúsinu**

Félagsstarfið er í boði fyrir 60 ára og eldri
og eru allir hvattir til að mæta.

Hlökkum til að sjá ykkur,
Hanna Magga, Dísa og Svana




# Páskahlaupastelpa

<u>ATH! Skilatími Auglýsingar fyrir næstu Hlaupastelpu er á sunnudagskvöldið 2. apríl kl. 20.00.</u>

***Verðskrá:***

| | |
|---|---|
| *Hálfsíðuauglýsing* | *kr. 4.350.– m.vsk* |
| *heilsiðuauglýsing* | *kr. 6.300.- m vsk.* |

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is
Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.
Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar
https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan

Dagný Pétursdóttir 8953386